

Fjallabyggð
Íris Stefánsdóttir
Gránugötu 24
580 Síglufjörður

Reykjavík, 26. apríl 2021
UST202104-187/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Hafnar- og athafnasvæði í Ólafsfirði - Fjallabyggð

Vísað er til erindis skipulags- og tæknifulltrúa Fjallabyggðar er barst 15. apríl þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á deiliskipulagi fyrir hafnar- og athafnasvæði í svæði í Ólafsfirði.

Í greinargerð kemur fram að markmið deiliskipulagsins er að efla hafnarsvæðið með því að skapa umgjörð sem dregur til sín starfsemi sem tengist höfninni auk þess að gera svæðið aðgengilegra og eftirsóknarverðara fyrir bæði íbúa og ferðafólk. Auk þess kemur fram að viðfangsefni deiliskipulagsins er að skilgreina lóðir fyrir mismunandi starfsemi og þarfir, bæta hafnaraðstöðu með sérstöðu svæðisins í huga, bæta öryggi þeirra sem fara um hafnarsvæðin, skilgreina helstu umferðarleiðir akandi og fótgangandi, bæta umhverfi og ásýnd hafnarsvæðisins og efla sérkenni svæðisins.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.2.3. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 þar sem fjallað er um efni lýsingar segir m.a. að lýsingu skal gerð grein þeim þáttum í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til. Í f. lið segir: „*hvernig staðið verði að umhverfismati deiliskipulagsins skv. 5.4. gr.*“

Í lýsingu segir einungis að deiliskipulagið fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana. Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt hefði verið að fjallað hefði verið um í lýsingu þá umhverfisþætti og þau umhverfisáhrif sem meta á í tillögunni.

Ólafsfjarðarvatn


Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Ólafsfjarðarvatn og er númer 539 sem aðrar náttúruminjar og er vatnið ásamt ósi á náttúruminjaskrá. Vatnið er strandvatn þar sem er mikið og fjölbreytt lífríki. (<https://ust.is/natura/natturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/nordasturland/>)

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um náttúruminjarnar í tillögunni og hvort að tillagan hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruminjanna.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur